

## Kennsluáætlun skólaárið 2020-2021

## Íslenska í 5. bekk

Í íslensku eru 7 kennslustundir á viku í 5. bekk. Kennari er Ásta Kristín Guðmundsdóttir Michelsen.

## Vinnulag

Í kennslustundum í íslensku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, lesskilningi, ritun, hlustun, og framsögn. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Allar kennslustundir hefjast á yndislestri þar sem nemandi les fyrir sjálfan sig í hljóði og svo fyrir starfsmann upphátt.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

## Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Talað mál og hlustun	Ýmis gögn framhaldssaga	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega með góðum framburði.</li> <li>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.</li> <li>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> <li>• hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyriræli og unnið úr þeim upplýsingum sem þar koma fram</li> </ul>	Virkni nemanda Ýmis verkefna vinna Umræður Sjálfsmat Textagerð nemanda

<b>Lestur, bókmenntir og ljóð</b>	Lesrún 2 Bækur af bókasafni Ýmsir textar Orð og setningar Ljóðsprotar Ljóðspor	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi.</li> <li>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókmenntir sem ætlaðar eru börnum.</li> <li>• Valið sér lesefni til gagns og ánægju.</li> <li>• Beitt hugtökum eins og persóna ,söguþráður, umhverfi og boðskapur.</li> <li>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rími og ljóðlínu.</li> </ul>	
<b>Ritun/stafsetning</b>	Ýmis gögn Málrækt	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað skýrt og læsilega.</li> <li>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.</li> <li>• Tamið sér vönduð og skipulögð vinnubrögð við uppsetningu og frágang texta.</li> </ul>	
<b>Málfræði</b>	Orð og setningar Málrækt	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð.</li> <li>• Beitt þekkingu sinni á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>• Beitt einföldum atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar</li> <li>• Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</li> </ul>	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kristín Guðmundsdóttir Michelsen.